

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Grindavíkurbæ.

#### 1. gr.

Grindavíkurbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarféluginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera eftifarandi:

Einbýlis-, par- og raðhús	á hverja íbúð	194.967 kr.
Fjölbýlishús	á hverja íbúð	58.489 kr.
Annað húsnæði	hver tenging	214.460 kr.

Gjöld skv. þessari grein miðast við byggingarvísitölum í janúar 2019 (142,1 stig) sem uppfærist 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

#### 3. gr.

Álagningarástofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema sem hér segir:

- a. Fasteignir skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995:  
0,13% af álagningarástofni.
- b. Fasteignir skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995:  
0,25% af álagningarástofni.
- c. Fasteignir skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995:  
0,2% af álagningarástofni.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera 20.000 kr. Gjalddagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar sérstök rotþró er við útihús. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari greiðast af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjöldin má taka lögtaki í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkurbæjar 22. desember 2020 og sett með vísan til 15. gr. laga um uppbryggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, með síðari breytingum og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur í Grindavíkurbæ nr. 140/2015.

Nr. 1375

23. desember 2020

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2021. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1117/2019.

*Grindavíkurbæ, 23. desember 2020,*

**Fannar Jónasson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2020